

The Dominion Bank

WOMAN'S BANK OF CANADA
SHEPPARD AVENUE, W. TORONTO

Höfnustóll, upp. \$ 6,000.00
Varasjóður \$ 7,700.00
Allar eignir, yfir \$120,000.00

Sérstakt athugið veitt viðskiptum
alla kaupmanna og verslunarmanna.

Sparisjóðsdæling.
Veitir af innstæðum greiddur
jafn hátt og annarsstaðar við
gengst.

PHOTO A. SELL.
P. B. TUCKER, Ráðgjafi

Sitt af hverju.

(Framhald frá 3. síðu)

þjóð, og halda við með ást og virðingu því sem tigna ber og oss er til sæmdar og gagns. Meiri hluti þess er þannig úr garði gert er eg frekast mundi óska; samt er þar bæði bundið og óbundnið mál sem stór álita mál getur verið hvort á þar rétt sæti, og skal eg nú benda tilsháttá á innihald ið.

Fyrst er Goðorðsmaðurinn eftir St. G. — Þetta var glæsilegt efni með rötgróinni íslenskri tign fyrir skáld að kveða um, og áttu að sjálfsgöðu öndvegissæti í riti þessu ef hugur og hjarta hefði verið á réttum stað, og hefði mátt ná sömu tökum og hylli sem "Ísland-farsældar frón", hjá Jónasi. En hvernig fer? — Það byrjar vel, en göfugleik Ingimundar gamla og glæmskennu Vatnsdæla, sem gat verið fyrirmynd, er hvergi lýst. Svo dættur botninn úr öllu samani; ekki einu sinni að hann geti gert okkur til gæðs að halda sama bragarhættinum á fram sem byrjað var á. Nei, Stephan lýtur aldrei nema til sinna eigin kaldranalegu tilfínninga, og of hann hefir einn af þúsundi þjóðar sinnar sem dá hann þá er það honum nóg.

Svo kemur "Máttur orðsins" eftir séra Kjartan Helgason, og er það langt erindi sem hann flúti hér og þarf ekki að lýsa því, því betri, máttugri og sannari orð gat ritið ekki flútt, og ætti hver maður að eiga það og lesa.

Par næst kemur kvæðabálkur frá St. G. "A rústum hrúninna halla." Sú langloka á ekkert skilt við okkar þjóðernismál, og átti alla ekki í ritinu að vera. Hún er eingöngu ritinu til tjóns. Það er sama sára og nístandi örin sem skáldið skýtur þar til að yfa upp söllin sár, eins og gert var til ætla minninga ekki alla fyrir löngu. Þá er "Landnáma" eftir séra Magnús bróður Kjartans

prests önnur snildar ritgerð. Mér hefir engin bók verið jafnker sem landnáma, og hún er mér ávalt jafn ný; eg get með ánægju lesið hana kveid eftir kveid; eins er með þessa ritgerð; hún verður mér alla tíð jafn nær. Þá er enn kvæðabálkur eftir St. G. "Skynþúfa". Efnið byggist á gamalli þjóðsögn og getur því vel átt heima í ritu þessu, og að mörgu leyti er skáldlega og vel með efnið farið, og er það líka það eina sem skáldið á þakkið skilið fyrir í riti þessu. En ófyrirfarlegt er það ritstjórnara árs tímars að gefa St. G. 16 blaðsíður í ritinu um það mál sem litlu varðar, og lítið listfengi er í. En 17 blaðsíður er lengsta og besta ritgerðin, eftir séra Kjartan Helgason, sem má með réttu kalla höfuð og hjarta ritins.

Þá er "Jakahlaup" og "Herra Karson" eftir "söguskáldið góða vestan hafa", sagði þar Hallur biskup, skáldið J. M. Bjarnason. Eg tek bæði þessi erindi — sögur — í eitt númer, því bókstaflega er þar lagt út af sama efni. En græskulaust hefi eg oft brosað síðan eg las þetta í Þjóðbrækniritinu, því hvorutveggja efnið er ákveðinn og óráðkanlegur dauðadómur íslensks þjóðernis hér með al vor. En snildarlega er eiðstafurinn stíllaður, eins og hjá Víga-Glúmi. Jakahlaup er kallað æfintýri. En það ætti að kallast æfintýri eða æfintýr, þetta er aðeins ein blaðsíða, sem sýnir eftir næst, um 50 ára veru. Íslendinga hér í álftu, hvert straumurinn ber oss.

Það er sár tilfinning hjá skáldinu þegar hann lætur okkur brotna frá íspönginni og berast með straumnum að þjóðarfossinum. "Við komum aftur, móðir góð," sögðu litlu jakarnir. Er ekki þetta dauðadómur. Gamli Glúmur sár það hátíðlega að hann hefði vegið Þorvald Krók á Hrísteig. Samt gerir minn gamli góði vnur, J. M. B. Sem glögt og skýrt skáld og spámaður, sér hann oss hverfa í hringiðuna í þjóðarfossinum og samlagast stórfjölninu, og um leið áver þess dýran eið að úr því sé ekki tangur né tötur eftir af okkur íslenska þjóðerni. Eiðurinn varð honum of flókin, og að því lefi eg brosað. Sama eðli er "Herra Karson". Það er harmsaga Íslendinga hér að glata sínu íslenska eðli, að tyna sjálfum sér, að gleyma öllu sem fegurst var á gömlu ættjörðinni, jafnvel möður og unnustu. En því er ver að þannig finnst dæmin alt of mörg. Enginn annar en skáld og snilltingur hefði getað komið jafn miklu efni á eins fáar blaðsíður og J. M. B. hefir gert hér.

(Framhald.)

(Niðurlag frá 6. síðu)

tiðina, og þetta gerðu þau eins röklega og þeim framan húsið. Einn dag gleymdi Crow gamli að fá sér nægan eldspitaforða fyrir hina vanalegu göngu sína, og sneri því heim aftur. Þegar hann kom í eldhúsið var þar alt hreint og þokkalegt, og engum hefði dottið í hug að þar hefði kvöldmat verið etinn fyrir tíu mínútum síðan.

"Marja og elskhugi hennar sátu með andlitin saman, dreymandi, eins og ungum elskendum er títt, og var það ekki að furða, þegar tillit er tekið til landslagsins, og svo þessa undurfagra sólarlags — og hefir það alt verið til að gera ástarðrama þeirra enn nú unaðslegri. — Þau sátu á óhefluðum bjálkabekk, haganlega gerðum, er var í fullu samræmi við umhverfið. Marja hafði næmt eyru, jafnvel þó hún væri mitt í ástarðraumum sínum, og um það leyti er gamli maðurinn hafði fundið hana, var þillurinn kominn upp í eplatré eitt mikið er þar stóð rétt við dýrnar.

"Þú hefir verið fljót að taka til í kvöld, Marja mín," sagði gamli maðurinn við dóttur sína með velpöknum.

"Já, þabbi minn, eg þvoði upp, en Teddi þurkaði hún.

"Hvar elur Teddi manninn núna?" spurði hann en gaf henni þó ekki tíma til að svara: "Ef hann ynni meira að landbúnaðinum en minna að kvenmannsverkunum inni við, mundi eg virða hann meira."

"Rétt í því hreyfði Teddi sig lítið eitt, þar sem hann var í felustað sínum, og við þann hristing dattu nokkur epli af trénu, og eitt þeirra kom á höfuð gamla mannsins. Crow leit ekki upp, og lét þetta

ekki á sig fá, en gekk þegjandi í burtu á sitt vana reik, með pipuna sína í munnum.

"Rúnum mánuði síðar fór Crow gamli að veita því eftirtekt, að Teddi var ástfanginn í dóttur hans, og þegar hann hafði gengið úr skugga um að grunur hans var réttur, gerði hann heimikið veður út af því, því eins og þú skilur, þá áleit hann að Teddi væri önytungur, og ekki eftirsóknarverður fyrir tengdason, þar sem hann var ekki sérlega líkamlega sterkur, og þar af leiðandi heldur önytur við landbúnaðinn. Og gamli maðurinn trúði ekki á mentun, og hefir víst álitit að hún yrði aldrei látin í askana. Svo það var útfallið að hann sendi Tedda aftur inn til borgarinnar með kaupði sitt í vasanum, og hótaði dóttur sinni að hún yrði rekin á dyr, ef hún hefði nokkur afskipti af honum framur.

"Auðvitað kom þetta ekki í veg fyrir samfund þeirra. Ef Crow hefði ekki skift sér neitt af þeim, mundi þetta ef til vill hafa fallið niður og dáið náttúrulegum dauða, þar sem þau bæði voru ung til þess að gera.

"Teddi og Marja fundust nú leynilega niður við Fiskiklett. Hann hefir komið út með lestinni, rétt eins og núna, og gengið svo sex mílur, meðfram vatninu framað Fiskikletti. Hún átti á móti tók til mat af ýmsu tagi, og svo kveiktu þau eld í skjóli við klettinn stóra. Auðvitað voru þessir fundir þeirra ekki daglegir viðburðir. Kvenfólk á benda-býlum hefur ekki ótakmarkaðan tíma fyrir skógar-gildi eða þess háttar, og Teddi varð að höndla peninga sína með mestu varúð, til þess að þeir entust honum út skólatímann.

"Dag einn að hausti kom hann að klettinum nokkra á undan Marju, og gekk þar upp, að sjálf-

JÓN LITLI

Jón litli sat úti fyrir húskofa ömmu sinnar í óhreinni parti bæjarins og horfði á rykugt steinstræt. Hann var berfættur og í lélegum fötum. Hann var óhreinn í framan, en augun tindruðu blá og skær og blízleg. Og hvað hugaði hann? Fæstir reyna að skygnast inn í barnsálirnar og vita, hvað þar fer fram. Þarna var hann vanur að sitja tímumum saman og stóra út í bláinn og dreyma, og byggja loftkástala, sem allir hrundu jafnharðan, og sem hættu vanalega við það að amma hans kom út, og veitti honum harðar ávitur fyrir leti og einræningskap. Fæstir hans var hvergi, en móður hans dó, er hann var ónálgarna barn. Og svo ólst hann upp hjá ömmu sinni, sem mintist þess oft, að dóttir sín hefði ekki skilið sér annað eftir en byrði og arnæðu.

Litli köttur kom labbandi eftir gangtröðinni, og þegar hann var kominn fast að Jóni sagði hann mjaá. Jón hrökk við og leit til kisu, sem stóð þar og vaggðaði rófunni dæmalaust sakleysisleg, eins og hún vildi segja: Viltu ekki strjúka mig, litli drengur, og eg skal vera ósköp góð við þig. Jón brosti til kisu og tók hana í fang sér og fór að strjúka henni. Hún lagði löppina í lófa hans og nuddaði sér upp við handlegg hans og malaði svo dæmalaust ánægjulega. Nonni þrýsti kisu að brjósti sér. Nú í fyrsta sinni hafði hann fundið hlandi veru sem þótti vænt um hann, sem elakaði hann og skildi hann. Hann sat lengi með kisu í fanginu og strauk hana og kjaasaði, og velvild hans til kisu óx með hverri mínútu, sem hann sat með hana. Þá kom amma hans út og að hann sitja í króknum við húshornið með köttinn. Hún gekk til hans og rykti honum á fætur, svo kisa datt niður. "Þú situr hér enn og glápir út í loftið og nennir ekkert að gera, ekki einu sinni að leika þér eins og önnur börn. Þú ætlar að verða letingi og landeyða sem ekkert nennir að gera. Eg hélt, að þú mundir verða mér til gleði, þegar dóttir mín var dain, en það ætlar að verða hið gagnstæða. Þú sækir ekki þenna

bjánaskap í hana, það veit og fyr-

ir vist, hvert sem þú sækir hann. Komdu inn og þurkaðu upp, og nentu að gera eitthvað."

Kisa labbaði í kringum Jón, eins og til að vita, hvernig þetta æfintýri myndi enda.

"Amma, má eg eiga köttinn?" spurði Jón með blíðum rómi. — "Nei. Eg hefi nóg með að fæða þig, þó eg fari ekki að gefa ketti líka að eta. Jón setti hendurnar fyrir andlit og barðist við grátinn, en amma hans dró hann með sér nauðugan inn í húsið. En kisa stóð eftir og skildi ekkert í þessum miklu umskiftum. Hún sneri sér við, þegar Jón var að fara inn úr dýrunum, og kallaði: Mjaá. Þá fór Jón að hágráta, en amma hans rak hann að borðinu til þess að fara að þurka upp. Og þar vissi Jón litli að hann yrði að vera þangað til hann væri búinn að þurka upp. En strax, þegar hann var búinn, hljóp hann út að gá á kisu, en hún var farin. Hann settist í krókin við húshornið og grét. Og úthelti tárur barnskærleikans yfir misskilningi þeirra fullorðnu.

Jón óx og fór á skólann, en gekk ekki sem best að læra, Börn skildu hann ekki, og kennarnir skildu hann ekki. Hann lék sér ekki með börnunum, en sat eða stóð einn sér, er þau voru að leika sér. Drengirnir hlóu að honum og uppfundu hann, en stúlkurnar skrumskældu sig framan í hann, og amma hans skammaði hann fyrir leti, þegar hann kom heim.

Jón litli gekk oft á sunnudögum út í lítinn skemtigarð, sem ekki lá mjög langt frá húsi ömmu hans, og sat þar tímumum saman og starði á blómin. Og svo var hann oft að draga eitthvað upp á hné sínu, sem hann hafði í litilli bók, er hann áltar fát á sér og geymdi sem helgan grip.

Jón var ellefu ára, en smár vekti. Einn sunnudag sat hann í skemtigarðinum, þar sem minnst var umferðin og horfði á blómreið fyrir framan sig. Þá þar þar á stúlkun, sem teymdi hund í bandi, lítinn og fallegan. Hundurinn rak upp lítið bofs, þegar hann kom að drengnum, eins og hann vildi láta hann vita, að hann væri kominn.

Jón litli leit upp og mætti augum hundsins, tindrandi sakleysislegum og fjórlegum. Þeir horfðust í augu fácin augnablik. Hundurinn skildi Jón, Augu hans sögðu: Eg skal vera hjá þér og elska þig

og skilja þig. Eg skal yfirgefa allt og vera þér trúur og tryggur til dauðans, Jón litli rétti fram báðar hendurnar á móti hundinum. Og seppi efadi loforð sitt.

Hann stókk upp í fang drengsins, rak trýnið upp undir hökuná á Jóni og brá tungubroddinum á hendur hans og kinnar. Jón horfði hugfanginn í augu hundsins, strauk hann og kjaasaði sem best hann kunni. Hundurinn vildi vera hjá Jóni litla, af því hann fann, að Jón þurfti á vini að halda, sem skildi hann og þætti vænt um hann. Og eins glaður og druknandi maður, sem nær í planka eða eitthvað til að halda sér uppi á, tók Jón litli á móti ást og trygð hundsins, af því hann fann hana hvergi annarsstaðar. Jón litli gleymdi öllu nema hundinum, nýja vininum trygg og góða. Hann á ekki stúlkuna, sem stóð hjá honum og horfði hessa á hann, og aðfarir hundsins; þetta hafði hundurinn aldrei gert fyrir, og hvað átti hún að gera? Gat hún tekið hundinn frá drengnum, sem þótti svo vænt um hundinn, að út leit, að þeir væru orðnir óaðskiljanlegir — væru eitt. Svo í hálfgerðu ráðaleysi settist hún niður hjá drengnum, lagði hönd sína á öxl honum og spurði í blíðum rómi: "Þykir þér vænt um hunda, drengur minn?"

Jón hrökk við og titraði. "Já," sagði hann og þrýsti hundinum fastar að sér.

"Hvað heitir þú?"
"Jón Guðbjartsson."
"Hvar áttu heima?"
"Í Bröttugötu 27."
"Hjá hverjum ertu?"
"Hjá ömmu minni."
"Hvar er móðir þín?"
"Dáin fyrir löngu."
"En faðir þinn?"
"Eg á engan föður."
"Er amma þín góð við þig?"
"Hún segir að eg sé latur, af því eg sit svo oft og stari út í bláinn."

"Um hvað ertu að hugsa, þegar þú ert einn og stari út í bláinn?"
"Eg er að hugsa um, hvers vegna mennirnir séu svo vondir hverjir við aðra."

Af hverju heldur þú þá, að þeir séu svo vondir?"

"Af því þeir skilja ekki hver annan og elska ekkert."

"En hvers vegna ertu að brjóta heilann um það, hvers vegna mennirnir séu svo vondir?"

"Af því mig langar svo mikið til að hjálpa mönnum og gera þá góða."

"En heldur þú, að þér takist að gera þá góða?"

"Eg veit ekki, en mig langar svo til að verða stór og gera svo mikið fyrir aðra. Verða stór eins og Abraham Lincoln. Elska alla og hjálpa þeim, sem eiga bág. Það eru svo margir, sem eiga bág."

"Er amma þín fátæk?"
"Já, hún er ósköp fátæk."

"Gengurðu á skólann?"
"Já, en kennarnir segja, að eg sé tósi."

"Ertu líka latur að læra?"
"Spurði stúlkann broandi."

"Nei, en mér gengur svo illa að muna hlutina."

Hefir þú aldrei fundið neinn sem hefir þótt vænt um þig og elekað þig og skilið þig?

Nei. — Jú, eg fann einu sinni kött sem skyldi mig og þótti vænt um mig, en amma vildi ekki lofa mér að hafa hann, og eg hefi ekki séð hann síðan. — En eg hefi mynd af honum. Og Jón litli tók bókina sína úr vasa sínum og opnaði hana, og sýndi stúlkunni margar myndir af kisu sitjandi, standandi, liggjandi og mjálm-andi. Stúlkun horfði um stund hugfangin á myndirnar svo vel voru þær gerðar og svo spurði hún. Hefir þú dregið þetta upp sjálfur?"

Já, sagði Jón litli.

"Mundur þú vilja vera hjá mér ef amma þín vildi láta þig fara. Eg ætla vera góð við þig, og sjá til þess að þér líði vel. Augu Jóns ljómuðu; hann slepti hundinum, rétti hendurnar á móti stúlkunni sem tók hann í faðm sér, lét hann hallast upp að brjósti sér, og þar grét Jón litli, ekki af sorg heldur gleði, því nú hafði hann fundið það sem hann þrjáði.

Þau fóru heim til Ömmu Jóns litla. Stúlkun bað hana um drenginn, og sagðist skyldi sjá um að hann gæti oft komið heim og fundið hana og hjálpað henni. Amma Jóns litla varð glöð við og gaf samþykki sitt, því hún hefði séð að Jón mundi ekki verða annað hjá sér en auðnuleysingi. Stúlkun gaf henni nafn sitt og heimilisfang. Amma Jóns litla tók við því og las. Friðsól Kristjánsdóttir.

August Einarsson.

Augu hans voru þokukend, og hann var eins og í draumi.

"Eg verð að fara og sjá það áður en dimmir," sagði hann í þvinguðum málrómi, en ennfá var hann starandi. "Ef þú vildir fylgja mér eftir, skyldi eg sýna þér margt undarlegra en þetta — í hverju spori alla leiðina."

"Því miður, vinur minn, þá get eg ekki þegið það boð. En í bakaleiðinni skaltu koma við hjá mér og dvelja hjá mér nótt eða svo — þér skal verða vel tekið."

"Eg er að fara til að syrgja," sagði hann, og lá við sjálft að hann glúpnadi.

"Eg hefi einnig elskað og mist, og síðan hefi eg farið stað úr stað tilbiðjandi á altari dauðra og óhamingjusamra ásta. — En eg get ekki beðið fyrir minni eigin."

"Þú getur ekki beðið fyrir þinni eigin?" hafði eg eftir honum, eins og ósjálfrátt.

"Nei, — þú skilur, hún er ekki dauð."

Hann stóð nú röklega á fætur og rétti mér hendina, sem eg tók í minar báðar.

"Þú ætlar að koma," sagði eg biðjandi.

"Nei, en eg þakka þér fyrir samt. — Eg fer ekki oft svona ferðalög, en þegar eg fer, endast þau nokkra daga."

Hann sneri við og gekk í burtu líkt og maður er gengur í svefni.

"Eg losaði nú taumana frá plögnum og tók þá í hendurnar, en stanzaði svo lítið eitt við og horfði á eftir honum, en hann hvarf sjónum mínum — í sólarlagið."

G. A. J. Þýddi.